



Starfshópur um samgöngur í Vatnajökulsþjóðgarði

Fundargerð vegna funda 31. okt, 14. og 21. nóv 2011

Fundargerð starfshóps um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði 31.okt, 14. og 21. nóv 2011

Sjötti, sjöundi og áttundi fundir starfshóps um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði fóru fram mánudagana 31. október, 14. nóvember og 21. nóvember, kl. 16.30 – 19.30. Á þessum fundum var rætt efnislega um athugasemdir þær sem borist hafa starfshópnum (beint eða óbeint). Ekki er rétt að fara yfir það hér í þessari fundargerð hvert inntak umræðna var. Horft var til þess að ljúka við afgreiðslu / ályktanir vegna athugasemdanna um mánaðarmótin nóvember / desember. Stefnt var á það þar sem stjórn Vatnajökulspjóðgarðs á fund um miðjan desember, en þar myndi hún taka til umfjöllunar skýrslu starfshópsins.

Þátttakendur í starfshópnum hafa á liðnum vikum unnið með baklandi sínu eftir þörfum, að greiningu athugasemdanna og mögulegra leiða til lausna. Á þessu stigi (eftir seinasta fund starfshópsins), eru drög að skýrslunni tilbúin og þau til yfirlstrar og athugasemda hjá einstökum þátttakendum. Stefnt er að skilum á skýrslunni fimmtudaginn 1. desember 2011.

Virðingarfyllt,
Þróstur Olaf Sigurjónsson